



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI RANGÁRÞINGS YTRA 2016-2028

**Samræming á sveitarfélagamörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepp,
milli Gaukshöfða og Búðafoss**

10.02.2026



Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárpings ytra þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var kynnt frá: 13.03.2025 með umsagnarfresti til: 11.04.2025.

Aðalskipulagsbreytingin var kynnt frá: _____ með umsagnarfresti til _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

111500-GRG-001-V02

HÖFUNDUR

IS

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	4
2.2	Deiliskipulag Hvammsvirkjunar	4
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	4
4	UMHVERFISÁHRIF	5
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	5

1 INNGANGUR

Rangárþing ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppur vinna að samræmingu sveitarfélagamarka á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lögð var fram í skipulagsgátt, [skipulagslýsing](#) dags. 13.03.2025, vegna efnistöku en einnig vegna samræmingar sveitarfélagamarka. Hætt var við meiri efnistöku, en nú er gerð breyting á sveitarfélagamörkum beggja sveitarfélaga.

Með breytingunni eru sveitarfélagamörk samræmd frá Gaukshöfða niður undir Búðafoss. Þar sem til eru staðfest landamerki milli jarða, beggja vegna árinna, þá eru þau mörk látin ráða (landeignaskrá sótt á vef HMS 05.02.2026). Einnig ráða mörk Minna-Núps sem eru í samþykktarferli. Að öðru leyti ráða sveitarfélagamörk IS50v, sem mörk Skeiða- og Gnúpverjahrepps fylgja að miklu leyti. Einnig er landnotkun aðlöguð að breyttum sveitarfélagamörkum, en skilmálar breytast ekki heldur aðeins stærðir.

Gerðar eru breytingar á aðalskipulagi beggja sveitarfélaga, sem unnar verða samhliða.

1.1 Skipulagsgögn

Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með skipulagsuppdrætti.

2 FORSENDUR

2.1 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í kafla 1.3 Mörk, er tekið fram að sveitarfélagamörk eru sýnd eins og þau voru í eldra aðalskipulagi. Sveitarstjórn telur þau mörk ekki í öllum tilfellum rétt og verða þau yfirfarin og eftir atvikum leiðrétt á skipulagstímanum. Verður það gert í samráði og samvinnu við aðliggjandi sveitarfélög, í þessu tilfelli Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

2.2 Deiliskipulag Hvammsvirkjunar

Deiliskipulag Hvammsvirkjunar var staðfest í júní 2021. Breyting á sveitarfélagamörkum hefur áhrif á deiliskipulag virkjunarinnar. Gerð verður breyting á því og sveitarfélagamörk samræmd. Eftir atvikum verða lóðamörk aðlöguð að sveitarfélagamörkum, þar sem ekki eru staðfest landamerki.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Sveitarfélagamörkum er breytt á skipulagsuppdrætti og óbyggt svæði og iðnaðarsvæði I10 aðlagð að þeim. Þá breytast óbyggt svæði lítillega, m.a. í Ölmóðsey sem er alfarið innan sveitarfélagamarka Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Yrjasker mun áfram teljast til Rangárþings ytra, sem óbyggt svæði.

Ekki er gerð breyting á greinargerð. Óbyggt svæði breytist en stærð þess kemur ekki fram í greinargerð. Einnig breytist iðnaðarsvæðið I10 lítillega, en breytingin er það lítil að hún hefur ekki áhrif á stærð þess. Skilmálar svæðanna eru áfram þeir sömu og í gildandi skipulagi.

Vert er að taka fram að sveitarfélagsmörk hafa ekki eignarréttarlegt gildi en eðlilegt er að þau taki mið af samþykktum landamerkjum.

Umrædd breyting tekur nær eingöngu á mörkum sem liggja í Þjórsá en einnig er um að ræða einstaka hólma og eyjar í ánni.

4 UMHVERFISÁHRIF

Breytingin er metin hafa óveruleg áhrif þar sem skilmálar fyrir landnotkun verða áfram þeir sömu. Jákvæð áhrif verða því þá eru sveitarfélagamörkin á hreinu og hægt að afmarka land og lóðir miðað við þau.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Skipulagstillaga verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest. Umsagnaraðilar eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Landsvirkjun
- Landsnet
- Vegagerðin


Rétt er að vekja athygli aðliggjandi landeiganda á tillögu á auglýsingatíma hennar, t.d. með auglýsingu í fjölmiðlum og/eða gegnum island.is.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Samræming á sveitarfélagamörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, milli Gaukshöfða og Búðafoss



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR

Skýringar

Sveitarfélagmörk

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Frístundabyggð

Iðnaðarsvæði

Landbúnaðarsvæði

Skógræktar- og landgræðslusvæði

Óbyggð svæði

Lón

Stofnvegir

Tengivegir

Héraðsvegir og aðrir vegir

Slóðar

Gönguleið

Reiðleið

Svæði sem breytingin nær til

Ljósleiðari

Háspennulína 132-220 kV

Rafstrengur

Vatnsveita

Hagalón stífla

Hverfisvernd

Varúðarsvæði

Vatnsvernd fjarsvæði

Vatnsvernd grannsvæði

Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Iðnaðarsvæði

Vatnsból

Fríðlýstar formminjar, ónákvæm staðsetning

Formminjar undir hverfisvernd ónákvæm staðsetning

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn þann

F.h. Rangárþings ytra

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun _____

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016 - 2028
Samræming á sveitarfélagamörkum við Skeiða- og Gnúpverjahrepp, milli Gaukshöfða og Búðafoss

Verk: 111500 Blaðstærð: A3 Unnið: IS Rýnt: GAL

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 10.02.2026 Breytt dags: